

Önnur ákvæði um það, hvenær dómari skuli víkja sæti, er ekki að finna í lögnum. Það verður því að líta svo á, að réttur Alþýðusambandsins til tilnefningar í dóminum sé skilyrðislaus, enda þótt félag, sem ekki er í Alþýðusambandinu sé málsaðili.

Hin fram komna krafa verður því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa umboðsmanns stefnda, um að Sigurgeir Sigurjónsson víki sæti í máli þessu, verður ekki tekin til greina.

Laugardaginn 25. febrúar 1939.

Nr. 2/1939. **Friðjón Skarphéðinsson f. h. Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar**
 gegn

Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði.

Varadómari Sigurgeir Sigurjónsson cand. jur í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar og dómari nefndur af stefnanda Guðjón Guðjónsson í stað Kjartans Thors.

Ágreiningur um gildi kauptaxta, er stéttarfélag hafði auglýst. Mál út af lögmati verkfalls og skaðabótaskyldu vegna þess. Sýknað af kærui fyrir brot á 4. gr. l. nr. 80/1938. Ekki talin heimild til þess að dæma í sektir fyrir sanningsrof.

Dómur.

Hinn 10. þ. m. ákvað stjórn verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði að víkja 12 mönnum úr félaginu, og var mönnum þessum tilkynntur brottreksturinn með bréfi, dags. 11. s. m., og næsta dag var svo brottvikningin samþykkt á framhaldsaðalfundi í félaginu. Meðal þeirra, sem vikið var, var forstjóri bæjarútgerðarinnar. Hinn 13. s. m. var verkamannafélaginu vikið úr Alþýðusambandi Íslands, með því að það taldi Hlíf hafa brotið 61. og 63. gr. laga Alþýðusambandsins. Næsta dag var stofnað nýtt verkamannafélag í Hafnarfirði, er hlaut nafnið Verkamannafélag Hafnarfjarðar, og var félag þetta tekið í Alþýðusambandið 15. þ. m. Þann sama dag gerði nýja félagið samning um kaup og kjör við bæjarútgerðina, bæjarsjóð og

tvö hlutafélög. Er meðal annars kveðið svo á í honum, að meðlimir Verkamannafélags Hafnarfjarðar sitji fyrir allri vinnu við þessi fyrirtæki. Þennan dag var haldinn fundur í verkamannafélaginu Hlíf, og var þar samþykkt að stöðva vinnu hjá þeim atvinnurekendum, sem reyndu að hefja vinnu með utanfélagsmönnum, og meðlimum Hlífar bannað að vinna með meðlimum Verkamannafélags Hafnarfjarðar, og gaf stjórn Hlífar þann dag út tilkynningu til hafnafirzkra verkamanna, þar sem þeim var óheimilað að vinna hjá bæjarútgerðinni, h/f. Hrafnafloka og h/f. Rán, þar til nefnd fyrirtæki hefðu viðurkennt verkamannafélagið Hlíf, taxa þess og samþykktir. Hinn 16. febrúar kom togarinn Júní, sem er eign bæjarútgerðarinnar, til Hafnarfjarðar. Er uppskipun skyldi hefjast, voru mættir allmargir meðlimir verkalýðsfélaganna beggja. Flutti þá formaður Hlífar ræðu, þar sem hann skoraði á meðlimi félags síns að hindra það, að aðrir en þeir ynnu að affermingu skipsins. Varð ekkert úr vinnu þann dag. Næsta dag, er bæjarútgerðin ætlaði að hefja vinnu við affermingu skipsins með mönnum úr Verkamannafélagi Hafnarfjarðar, fór á sömu leið, og lét formaður Hlífar svo um mælt í ræðu, er hann flutti þá, að Hlíf mundi með ofbeldi stöðva alla vinnu við skipið, ef reynt yrði að afferma það með aðstoð annara en meðlima Hlífar. Hinn 17. og 18. þ. m. fór fram allsherjar atkvæðagreiðsla í verkamannafélaginu Hlíf, og var þá samþykkt með 219 atkvæðum gegn 11 svo hljóðandi tillaga:

„Lýsir þú þig samþykkann því, að verkamannafélagið Hlíf sé hér eftir sem hingað til hið eina verkamannafélag í sinni starfsgrein hér í bæ, og fylgjandi tillögu þeirri, er samþykkt var á fundi félagsins 15. þ. m. um að stöðva vinnu hjá þeim atvinnurekendum, sem ekki vilja hlíta viðurkenndum taxa og samþykktum félagsins, eins og þeim ber skylda til. Sért þú samþykkur þessu, þá setur þú kross (X) fyrir framan *Já*, en ef þú ert andvígur því, þá seturðu kross framan við *Nei*.“

Stóð síðan í þófi þessu þar til 20. þ. m., er fyrr nefndur togari fór til Akraness, og var hann affermdur þar 21. þ. m.

Með stefnu, dags. 18. þ. m. og birtri 20. s. m., höfðaði bæjarútgerðin svo mál þetta hér fyrir dómi og gerði þær kröfur í stefnunni, að stjórn verkamannafélagsins Hlífar f. h. félagsins, og stjórnendur þess persónulega yrðu dæmdir til þess að greiða skaðabætur eftir mati dómsins, fyrir tjón, er hlotizt hafi af ólögmati vinnustöðvun, ásamt 5% ársvöxtum af

dæmdri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags. Auk þess krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til greiðslu sektar fyrir ólögmæta vinnustöðvun. Loks krefst hann málskostnaðar af stefndu eftir máti dómsins. En í flutningi málsins hefur stefnandi fallið frá kröfu sinni á hendur stjórnarmeðlimum Hlífar persónulega.

Kröfur sínar um skaðabætur og sektir byggir stefnandi á því, að stefndi hafi brotið ákvæði laga nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með því að hefja og halda áfram vinnustöðvun án þess að fullnægt væri ákvæðum téðra laga. Hafi stefndi þannig gerzt brotlegur við refsíákvæði nefndra laga og beri honum því að bæta það tjón, sem stefnandi hafi beðið af völdum þessarar ólögmætu vinnustöðvunar.

Stefndi gerir fyrst og fremst þá kröfu, að hann verði algerlega sýknaður. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að hinn 13. sept. 1937 hafi í verkamannafélaginu Hlíf verið gerð samþykkt um kaup og kjör verkamanna í Hafnarfirði. Í þessari samþykkt sé ákvæði um það, að meðlimir verkamannafélagsins Hlífar skuli sitja fyrir allri vinnu. Samþykkt þessi hafi verið auglýst 15. sept. 1937. Síðan hafi verið talað við alla atvinnurekendur í Hafnarfirði, þeim send samþykktin, og þeir játast undir ákvæði hennar, þar á meðal forstjóri bæjarútgerðarinnar. Ákvæðum hennar hafi síðan stöðugt verið fylgt að öllu leyti, og sé hún því orðin jafn bindandi fyrir stefnanda sem um undirritaðan samning milli þessara aðilja hefði verið að ræða. Það hafi því verið stórfellt brot af hálfu stefnanda, er hann samdi svo um við Verkamannafélag Hafnarfjarðar, að meðlimir þess skyldu sitja fyrir vinnu hjá honum. Og þótt hann (stefndi) hefði ef til vill, út af því broti einu, átt að leita réttar síns fyrir félagsdómi, þá hafi það tiltæki fyrirvarsmanna stefnanda, að vera aðalhvátamenn og frumkvöðlar þess að nýja verkamannafélagið var stofnað, tvímælaust réttlætt fyrirvaralausá vinnustöðvun Hlífar, að svo miklu leyti, sem henni hafi verið beint að stefnanda.

Ef ekki yrði litið svo á, að hér væri um samning eða samningsígildi milli málsaðilja að ræða, gerir stefndi þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi, með því að þá sé ekkert það réttarsamband milli aðilja máls þessa, er heimili félagsdómi að kveða upp efnisdóm í því. Stefndi hefur enn fremur uppi þær varnir gegn ólögmæti vinnustöðvunarinnar, að henni hafi fyrst og fremst verið beint gegn hinu nýstofnaða Verkamanna-

félagi Hafnarfjarðar, en stofnun þess hafi að öllu verið ólögleg og gagnstæð ákvæðum og tilgangi laga nr. 80 frá 1938, enda hafi fyrirsvarsmenn bæjarútgerðarinnar verið aðalforgöngumenn að stofnun hins nýja félags. Þá beri og á það að líta, að sökum þess, hve atburði þá, sem að framan er lýst, bar brátt að, hafi ekki unnizt tími til þess að hafa þann undirbúning undir vinnustöðvunina, sem lög mæli fyrir um, en hins vegar hafi úr þessu verið bætt með allsherjar atkvæðagreiðslu þeirri, er fram fór 17. og 18. þ. m. og áður er lýst, og eftir þann tíma hafi vinnustöðvunin að öllu leyti verið lögleg.

Þá hefur stefndi komið fram með þær gagnkröfur í máli þessu, að stefnandi verði dæmdur í sekt og skaðabætur fyrir ólögleg samningsrof, og að hann verði einnig dæmdur til refsingar fyrir atvinnukúgun, sbr. 4. gr. laga nr. 80 frá 1938. Loks krefst hann málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati dómsins.

Stefnandi hefir mótmælt því, að samþykkt Hlífar frá 13. sept. 1937 hafi orðið bindandi fyrir sig, vegna þess að hún fullnægi ekki skilyrðum 6. gr. laga nr. 80 frá 1938 um það, hvernig samningar milli atvinnurekenda og verklyðsfélaga skuli vera úr garði gerðir. En þó svo væri, verði að skilja framkomu stefnda, orðalag samþykktta, er gerðar voru dagana, sem vinnustöðvun hófst, og fregnmiða, er stefndi gaf út, svo, að hann teldi samþykktina frá 13. sept. ekki lengur í gildi. Þá hafi og stefndur rokið til að gera samninga við ýmsa atvinnurekendur í Hafnarfirði og sýni það ljóst, að hann hafi ekki talið samþykktina vera samningsígildi.

Eins og áður getur, var á fundi í verkamannafélaginu Hlíf 13. sept. 1937 gerð samþykkt um kaup og kjör meðlima Hlífar. Var hún síðan auglýst opinberlega 15. s. m. og næstu daga talað við atvinnurekendur í Hafnarfirði, þeim send samþykktin, og féllust þeir þegar á það, að öll vinna skyldi fara fram á þann hátt og greidd svo sem samþykktin kvað á um, og var svo allt til þess er deila sú, er mál þetta er út af risið, hófst. Meðal þeirra, sem þannig fóru eftir samþykktinni, voru fyrirsvarsmenn bæjarútgerðarinnar í Hafnarfirði, enda voru sumir þeirra á þeim tíma meðlimir í verkamannafélaginu Hlíf. Viðurkennt er, að samþykkt þessari hafi að öllu leyti verið fylgt æ síðan, og hefir stefnandi ekki bent á nein sérstök atriði í samþykktinni, sem hann teldi sig ekki hafa viðurkennt í verki. Þá hafa í málinu verið lagðar fram skriflegar beiðnir frá stefnanda til Hlífar um undanþágu frá tilteknum

ákvæðum samþykktarinnar, þar á meðal ein, dags. 21. sept. 1938, eða nokkru eftir gildistöku laga nr. 80/1938. Samþykkt þessi er og mjög ýtarleg.

Samkvæmt framansögðu, og með tilliti til þess, að samþykktin hafði verið í gildi í nálægt eitt ár fyrir gildistöku laga nr. 80/1938, þá verður að líta svo á, sbr. og dóm þessa dómstóls í málinu nr. 1/1938, að samþykktin sé gild sem skriflegur samningur væri milli aðilja, sem þeir hvor í sínu lagi hafi verið bundnir við, og ekki getað án samkomulags losnað frá, nema að segja honum upp með lögmatum fyrirvara, því ekki er hægt að fallast á þá skoðun stefnanda, að leggja verði þann skilning í athafnir, samþykktir og yfirlýsingar stefnda í upphafi vinnustöðvunarinnar, að hann hafi ekki talið samþykktina jafngildandi sem um undirritaðan samning væri að ræða.

Mál út af þessu atriði heyrir því undir félagsdóm, og verður því þegar af þeirri ástæðu að hrinda frávísunarkröfu stefnda.

Nú var, eins og áður er sagt, það ákvæði í samþykktinni, að meðlimir Hlífar skyldu ásamt meðlimum Sjómannafélags Hafnarfjarðar sitja fyrir allri vinnu. Við þetta ákvæði var bæjarútgerðin bundin, og var henni því óheimilt að veita meðlimum Verkamannafélags Hafnarfjarðar forgangsrétt að vinnu, þar sem meðlimir Hlífar höfðu þann rétt samkvæmt framangreindum skilningi á fyrr greindri samþykkt.

Skaðabótakröfu sína byggir stefnandi á því, að vegna vinnustöðvunarinnar hafi hann orðið fyrir tjóni og beri stefnda skylda til þess að bæta sér það. Kveður hann ufsafarm þann, er botnvörpungurinn Júní kom með til Hafnarfjarðar hinn 16. þ. m., hafa eyðilagzt að mjög miklu leyti, og auk þess krefst hann bóta fyrir kostnað við að láta nefnt skip liggja í höfn. En með því að stefnandi hefur, eins og áður segir, gerzt í verulegu atriði brotlegur við oftnefnda samþykkt Hlífar, þá þykir hann, eins og máli þessu er háttað, ekki eiga kröfu til skaðabóta fyrir tjón það, er hann telur sig hafa beðið, enda þótt stefnda, eins og síðar verður vikið að, hafi verið óheimilt að hefja vinnustöðvun út af þessu sammingsbroti stefnanda.

Verður því að sýkna stefnda af framangreindri skaðabótakröfu.

Kemur þá til athugunar, hvort stefndi hafi, með því að framkvæma fyrr greinda vinnustöðvun, unnið til refsingar fyrir brot

á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Fyrir greint brot bæjarútgerðarinnar á oftnefndri samþykkt heimilaði stefnda ekki að stofna til vinnustöðvunar, því að það var atriði, sem heyrði undir félagsdóm að úrskurða um, og var því vinnustöðvunin óheimil samkvæmt 17. gr. nefndra laga, er leggur bann við vinnustöðvun út af atriðum, sem félagsdómur á úrskurðarvald um. Á sama hátt var og óheimil vinnustöðvun, sem beint var gegn hinu nýja verkamannafélagi, sem virðist hafa verið stofnað að lögum. Og allsherjar atkvæðagreiðslan, sem fram fór 17. og 18. þ. m. í Hlífl, getur ekki leyst það félag (stefnda) undan sektargreiðslu fyrir að hafa á ólög-mætan hátt hafið vinnustöðvun. Það verður því að dæma stefnda í sekt fyrir þetta framferði sitt og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Kröfur stefnda.

Stefndi hefur undir rekstri málsins haft uppi þá kröfu, sbr. 53. gr. l. nr. 80/1938, að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir framangreint brot sitt á samþykktinni frá 13. september 1937. Stefnandi hefur mótmælt kröfu þessari og krafizt sýknu af henni. Með því að ekki er í ofanefndri samþykkt kveðið á um nein viðurlög fyrir brot á henni, og lög nr. 80/1938 gera ekki ráð fyrir slíkum viðurlögum, verður krafa þessi ekki tekin til greina. Þá hefur stefndi krafizt þess, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða skaðabætur fyrir tjón það, er meðlimir Hlíflar hafi orðið fyrir vegna samningsrofa af hálfu stefnanda. Hefur stefnandi eindregið mótmælt kröfu þessari, og með því að hún hefur ekki verið nægilega rökstudd af hálfu stefnda, verður hún ekki tekin til greina.

Loks hefur stefndi gert þá kröfu í máli þessu, að stefnandi verði dæmdur til refsingar fyrir ólöglega atvinnukúgun, sbr. 4. gr. laga nr. 80/1938, í sambandi við stofnun Verkamannafélags Hafnarfjarðar. Stefnandi hefur mótmælt kröfu þessari og krafizt sýknu. Um þetta atriði hafa verið leidd 4 vitni. Vitnisburður eins vitnisins, Hafliða Jónssonar, skiptir ekki máli í þessu sambandi, því að hann fjallar um atburði, sem gerðust fyrir gildistöku laga nr. 80/1938, og með framburði hinna vitnanna er það ekki á neinn hátt sannað, að forstjóri eða forráðamenn bæjarútgerðarinnar hafi gerzt sekir um brot á áður-nefndri 4. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að taka til greina sýknu-kröfu stefnanda, að því er þetta málsatriði snertir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og skal hún greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Að öðru leyti skulu aðiljar máls þessa, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og verkamannafélagið Hlíf, vera sýknir hvor af annars kröfum í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurgeirs Sigurjónssonar og Guðjóns Guðjónssonar.

Stefnandi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, hefur gert þá réttarkröfu, að vinnustöðvun sú, er verkamannafélagið Hlíf hóf hjá stefnanda hinn 16. þ. m., verði dæmd ólögleg, og að nefnt verkamannafélag verði dæmt til greiðslu skaðabóta og sekta auk málskostnaðar.

Með framlögðum gögnum er upplýst, að tilgangur vinnustöðvunarinnar var sá, að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör. Það er og upplýst, að stefndi hefur ekki fullnægt ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 um framkvæmd slíkrar vinnustöðunar, og ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til greiðslu skaðabóta og sekta, auk málskostnaðar.

Stefndi, verkamannafélagið Hlíf, hefur gert þær kröfur.

1. að bæjarútgerð Hafnarfjarðar verði dæmd í skaðabætur og sekt fyrir ólögleg samningsrof,
2. að bæjarútgerðin verði dæmd í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir ólöglega atvinnukúgun, og
3. að bæjarútgerðin verði dæmd til greiðslu málskostnaður.

Um 1. Hinn 13. sept. 1937 var í verkamannafélaginu Hlíf gerð fundar-samþykkt um kaup og kjör verkamanna þar. Í 1. gr. þessarar samþykktar segir svo, að meðlimir Hlífar og Sjómannafélags Hafnarfjarðar skuli sitja fyrir allri vinnu. Síðar í samþykktinni koma svo ákvæði um vinnukjör. Samþykkt þessi var send öllum helztu atvinnurekendum í Hafnarfirði, og þar á meðal stefnanda þessa máls. Síðan samþykkt þessi var gerð, hefur henni verið hlýtt af atvinnurekendum, nema þegar Hlíf hefur gefið undanþágu frá henni samkvæmt skriflegri beiðni atvinnurekenda, þar á meðal stefnanda.

Hinn 15. febrúar 1939 var á fundi í Hlíf staðfestur samningur, sem stjórn félagsins hafði þann dag gert við nokkra atvinnurekendur í Hafnarfirði, og jafnframt samþykkt „að stöðva alla vinnu hjá þeim atvinnurekendum, er neita að gerast aðiljar að samningnum“.

Stefnandi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, neitaði að gerast aðili að samningi þessum, en samdi hins vegar við Verkamannafélag Hafnarfjarðar, sem þá var nýstofnað og telja verður lögformlegan samningsaðilja samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938. Framangreindri samþykkt framfylgdi stefndi með því að hindra vinnu hjá stefnanda frá og með 16. þ. m. Í málflutningi sínum hér fyrir dómi hefur málflutningsmaður stefnanda neitað því, að stefnandi hafi viðurkennt taxtann sem samning eða viljað vera bundinn af honum sem slíkum. Stefnandi telur sér því heimilt að vika frá textanum hvenær sem er og án fyrirvara.

Dómurinn verður að líta svo á, að Hlíf hafi með hinum nýja samningi við nokkra atvinnurekendur og með samþykktinni um að stöðva vinnu hjá þeim atvinnurekendum, sem ekki vildu gerast aðiljar að þeim samningi, lýst því yfir, að hún vildi ekki vera lengur bundin við taxtann frá 13. sept. 1937 sem slíkan. Enn fremur verður dómurinn að líta svo á, að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar hafi með því að neita að ganga að hinum nýja samningi og með því að semja við Verkamannafélag Hafnarfjarðar, ekki heldur viljað vera lengur bundin af taxtanum. Kemur því til álita, hvort aðiljar máls þessa, annarhvor eða báðir, hafi getað felld niður taxa þennan fyrirvaraalaust.

Í 6. gr. laga nr. 80/1938 segir, að allir samningar um kaup og kjör verkafólks skuli vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur, ella teljist samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Dómurinn verður nú að líta svo á, að samkvæmt ótvíræðum ákvæðum greinarinnar, þá eigi hún eingöngu við þá gerninga, sem báðir aðiljar hafi skriflega og ótvírætt lýst yfir, að þeir vilji vera bundnir við í öllum atriðum. Komi því ákvæðin um uppsagnarfrest ekki til framkvæmda, nema samningar, sem fullnægja þessum skilyrðum, liggja fyrir.

Þessa skoðun telur dómurinn ótvírætt styðjast við meðferð og afgreiðslu laga um stéttarfélög og vinnudeilur á Alþingi 1938. Við aðra umræðu málsins í neðri deild kom fram svo hljóðandi breytingartillaga við 6. gr. frumvarpsins:

„Taxti stéttarfélags um kaup, kjör og vinnuskilmála, sem hefur verið opinberlega auglýstur eða tilkynntur atvinnurekendum, skal gilda sem skriflegur samningur. ef atvinnurekandi hefur farið eftir honum með greiðslur eða tilhögun kjara eða vinnuskilyrði, eða ekki mótmælt honum þegar eftir að hann hefur verið auglýstur eða til kynntur honum. Sé samningstíminn ekki tilgreindur, telst hann eitt ár, og sé uppsagnarfrestur ekki tilgreindur, telst hann 3 mánuðir.“

Breytingartillaga þessi var felld með 17 atkv. gegn 3.

Þessi afgreiðsla málsins á Alþingi sannar, að löggjafinn hefur ætlað til þess, að kauptaxti öðlaðist ekki sama gildi og skriflegur samningur skv. 6. gr., enda þótt hann væri auglýstur og tilkynntur atvinnurekendum og eftir honum unnið.

Dómstólapraxis Norðurlanda við skýringar á sams konar ákvæðum í lögum þessara landa, er í fullu samræmi við framanritaðar niðurstöður. Má t. d. nefna, að í 3. gr. 1. tölul. norskra laga um vinnudeilur (Arbeidstvistloven) er ákveðið, að vinnusamningar skuli vera skriflegir, samningstími 3 ár og uppsagnarfrestur 3 mánuðir.

Í dómi norska vinnudómsins, uppkveðnum 2. febrúar 1923, er þetta ákvæði skilið þannig, að ákvæðin um uppsagnarfrest eigi því aðeins við, að skriflegur samningur, undirritaður af báðum aðiljum, liggja fyrir. (Norske Arbeidsdomme 1923, bls. 22). Hæstaréttardómari og forseti vinnudómsins norska frá því 1916, Paal Berg, hefur og í fræðiriti sínu „Arbeidsrett“ komið að þeirri niðurstöðu, að ákvæði vinnudeilulaganna norsku um uppsagnarfrest og annað eigi því aðeins við, að fyrir liggja skriflegur vinnusamningur, formlega og skriflega samþykktur af báðum aðiljum. (Arbeidsrett, bls. 164—165). 6. gr. laga nr. 80/1938 er tekin beint úr ákvæðum 3. gr. norsku vinnudeilulaganna.

Samkvæmt skýrum ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938, meðferð þeirra og

afgreiðslu á Alþingi, fastri réttarvenju á Norðurlöndum og viðurkenndum fræðritum um þetta efni, þá verður dómurinn að líta svo á, að ákvæði nefndrar 6. gr. laganna geti ekki átt við taxa verkamannafél. Hlifar, þar sem hann ekki hefur verið formlega skriflega samþykktur af Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, og með því að því hefur ekki verið haldið fram, né nokkuð upplýst um það í málinu, að venja hafi myndast um það, hvorki fyrir eða eftir gildistöku laga nr. 80/1938, að fyrirvara hafi þurft til þess að víkja frá, breyta eða fella niður kaup-taxta, sem lengi hefur gilt og unnið hefur verið eftir, verður að telja, að bæjarútgerðinni hafi verið heimilt að víkja fyrirvaralaust frá taxa verkamannafélagsins Hlifar.

Bæjarútgerðin hefur því ekki gerzt sek um sammingsrof, og ber því að sýkna hana af kröfum stefnda um sektir og skaðabætur.

Um 2. Með framlögðum vottorðum og vitnaleiðslum þeim, sem fram hafa farið hér fyrir dómnun, eru engar minnstu líkur fyrir því færðar, að bæjarútgerðin hafi gerzt sek um atvinnukúgun, eða á nokkurn hátt reynt að hafa áhrif á afstöðu eða afskipti verkamanna til deilu þeirrar, er uppi hefur verið í Hafnarfirði. Ber því að sýkna stefnda af þessari kröfu.

Um 3. Samkvæmt framanrituðu verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Laugardaginn 25. marz 1939.

Nr. 3/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsmannafélagsins Þórs**
gegn

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna.

Dómari nefndur af stefnda Ragnar Jónsson cand. jur.
í stað Kjartans Thors.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum vinnusamnings. Ráðningarkjör tveggja hjúkrunarmanna talin brjóta í bág við vinnusamninginn. Frávísunarkröfu, sem byggð var á því að ekki væri um stéttarfélag að ræða, hrundið.

Dómur.

Hinn 8. maí 1936 gerði Starfsmannafélagið Þór, sem er stefnandi máls þessa, samning við stefnda, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, um kjör þeirra starfsmanna ríkisspítalanna og ríkisbúanna, sem nánar voru tilgreindir í 1. gr. samningsins. Þar eru meðal annarra taldir hjúkrunarmenn og hafðir í flokki sér (3. flokki). Lágmarkskaup þeirra er þar ákveðið kr. 145.00 á mánuði. Um þá gilda einnig önnur þau ákvæði, er